

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Hafnarfjarðarkaupstað.

#### *Einhella 9.*

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti þann 21. febrúar 2017, breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina við Einhellu 9. Í breytingunni felst að byggingarreitur stækkar um 15 m til vesturs, 3 m til austurs og minnkar um 4 m til suðurs. Ný sameiginleg innkeyrsla með lóðinni Einhellu 11 verði við vesturenda lóðar. Við breytinguna verður nýtingarhlutfall lóðar 0,39 í stað 0,50. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar fyrir 2. áfanga Helluhrauns dags. 20. september 2008.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 8. nóvember 2017.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Gunnþóra Guðmundsdóttir** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 22. nóvember 2017